

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**2. fundur 2019 (88. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 22.03.2019 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Einar Jón Pálsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan

**1. Deiliskipulag Flugstöðvarsvæðis**

Með bréfi, dags. 08.03.2019, tilkynnti Skipulagsstofnun skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar að stofnunin gerði ekki athugasemd við að skipulagsnefndin auglýsti samþykkt deiliskipulags Flugstöðvarsvæðisins í B – deild Stjórnartíðinda.

Breytingin verður auglýst í B – deild Stjórnartíðinda þann 25.03.2019.

**2. Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar**

Kynnt var erindi samgönguráðuneytisins til Isavia, dags. 22.02.2019, varðandi skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar. Erindið varðaði almenningsamgöngur og stöðu íslenskrar tungu á skiltum flugvallarsvæðisins.

**3. Aðgerðaráætlun gegn hávaða**

Lögð voru fram drög að aðgerðaráætlun gegn hávaða frá bíla- og flugumferð á svæðinu, dags. í febrúar 2019. Vegagerðin, Isavia og Reykjanesbær standa að gerð aðgerðaráætlunarinnar.

**4. Svæðisskipulag Suðurnesja, endurskoðun svæðisskipulags**

Með bréfi, dags. 26.02.2019, tilkynnti svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja að nefndin legði til að fram fari heildarendurskoðun svæðisskipulags Suðurnesja. Með erindinu tilgreindi svæðisskipulagsnefndin 6 efnislegar ástæður fyrir endurskoðuninni.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti fyrir sitt leyti þátttöku í endurskoðun svæðisskipulagsins.

Ennfremur voru lagðar fram endurskoðaðar starfsreglur svæðisskipulagsnefndarinnar sem og endurskoðuð greiðsluþáttaka aðildarsveitarfélaganna þ.m.t. Isavia f.h. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar.

**5. Framkvæmdir við Sierra, Hot Cargo ofl.**

Skipulagsfulltrúi kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir við Sierra, Hot Cargo ofl. Um er aðallega að ræða gröft fyrir lögnum.

**6. Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags í Helguvík**

Lögð var fram skipulags- og matslýsing vegna breytingar á deiliskipulagi í Helguvík, dags. 30. janúar 2019.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna, en bendir á kvaðir í svæðisskipulagi um hæðir mannvirkja vegna ratsjárstöðvarinnar H1.

**7. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 24. apríl 2019 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

[https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/\\_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx](https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx)